

L Ö G**41**

28. jan.

um prestssetur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Syðra-Laugaland í Öngulsstaðahreppi í Eyjafirði fyrir 32000 kr. og færa þangað prestssetur í Grundarþingaprestakalli. Ennfremur að selja núverandi prestssetursjörð, Saurbæ í Eyjafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G**42**

28. jan.

um breyting á lögum nr. 33 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

4. gr. laga nr. 33 15. júní 1926 orðist svo:

Veita má mönnum ríkisborgararétt með lögum, en þó því aðeins, að þeir hafi verið búsettir hér á landi samfleytt 10 ár hin næstu áður en þeir beiddust

42 rikisborgararéttar og standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Þó er heimilt að veita manni, sem starfað hefir í þjónustu ríkis eða ríkisstofnana 5 ár óslitið, rikisborgarétt, ef önnur skilyrði þessara laga eru fyrir hendi.

Ákvæði undanfarandi málsgreinar um búsetuskilyrði fyrir veitingu rikisborgararéttar taka ekki til þeirra manna, sem fæddir eru af íslenzku foreldri.

Engum má veita rikisborgarétt, nema hann færi sönnur á það, að hann hafi aldrei orðið sekur um neitt það athæfi, sem hér á landi eða í heimalandi hans er talið svívirðilegt að almenningsáliti.

Enginn maður, sem með lögum hefir verið veittur rikisborgararéttur, öðlast hann fyrr en hann hefir sannað það fyrir ríkisstjórninni, að hann sé að fullu leystur af hinu fyrra ríkisfangi sínu og öllum skyldum, sem af því leiðir. Sé þessi sönnun ekki fram komin innan 12 mánaða frá birtingu veitingarlaganna í A-deild Stjórnartíðindanna, eru þau, að því er þann mann snertir, fallin úr gildi sjálfkrafa.

Um konu manns, er rikisborgarétt öðlast, og börn þeirra fer eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema löginn láti öðruvísi um mælt.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal fella meginmál laga þessara og laga nr. 33 15. júní 1926 inn í lög nr. 21 frá 6. október 1919 og gefa þau út sem lög um rikisborgarétt, hversu menn fá hann og missa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.